



## Fundargerð aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn með rafrænum hætti þriðjudaginn 16. mars 2021 og hófst fundurinn kl. 16:00.

### Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagði hann því næst til að Guðbjörg Hjartardóttir lögmaður yrði kjörin fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir. Tók Guðbjörg þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Snorri Sigurðsson, lögfræðingur í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörinn fundarritari og bárust ekki athugasemdir. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykktu bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans þann 19. febrúar 2021. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði á Íslandi hinn 20. febrúar 2021 og í Svíþjóð 23. febrúar. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum, ásamt skýringum við þær, hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögsmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna ársins 2020.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti í gegnum kerfið. Tók fundarstjóri fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefði fengið um kerfið fullnægði það kröfum hlutafélagalaga um rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, einkum ákvæðum 80. gr. a., enda tryggði kerfið rétt hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði, auk þess sem tæknibúnaðurinn gerði félaginu kleift að staðfesta hvaða hluthafar mættu á fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hefðu, auk þess sem kerfið héldi utan um niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi dagskrá og tillögur:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári
2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans
5. Kosning endurskoðunarfélags
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra
7. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar og samsvarandi breyting á samþykktum varðandi skipun tilnefningarnefndar
8. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
9. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
11. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja breytingu á kaupréttaráætlun



12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
14. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum
15. Tillaga um breytingu á samþykktum
16. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári

Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu fjárhagsári.

Fundarstjóri upplýsti að 96 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með 66,49% hlutafjár í Arion banka hf.

### 2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., gerði grein fyrir ársreikningi bankans fyrir síðastliðið starfsár.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að tjá sig í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2020 verði samþykktur.*

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri fór yfir eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur um kr. 2.990.000.000,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 1,74 krónum á hvern hlut.*

*Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 17. mars 2021.*

*Arðsréttindadagur (e. record date) verður 18. mars 2021. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.*

*Útborgunardagur (e. payment date) verður 24. mars 2021.*

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Fyrirspurn barst frá hluthafa varðandi frekari frekari arðgreiðslur á árinu og svaraði Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður, því til að frekari arðgreiðslur væru vissulega mögulegar, en vísaði jafnframt til arðgreiðslutilmæla frá Seðlabanka Íslands og að bankinn myndi fara eftir þeim. Engar frekari athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.



Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

#### 4. Kosning stjórnar bankans

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans. Samkvæmt samþykktum bankans skyldi aðalstjórn bankans skipuð 5-8 mönnum og varastjórn allt að þremur, en fundarstjóri tjáði fundarmönnum að stjórn bankans hefði ákveðið að kosningu stjórnar bankans yrði þannig háttað að aðalstjórn yrði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur.

Fyrst fór fram kosning í aðalstjórn bankans.

Fram kom í máli fundarstjóra að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Brynjólfur Bjarnason
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Már Wolfgang Mixa
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög, þ.e. nafn, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði frambjóðenda samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hefði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að Brynjólfur Bjarnason, Gunnar Sturluson, Liv Fiksdahl, Paul Horner og Steinunn Kristín Þórðardóttir yrðu kjörin í stjórn bankans.

Fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag kosningarinnar. Þá fór fram stjórnarkjör og voru eftirtaldir aðilar kjörnir í aðalstjórn bankans:

- Brynjólfur Bjarnason
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Því næst var komið að kosningu í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.



Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði framangreindra frambjóðenda til varastjórnar samkvæmt starfsreglum stjórnar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hafði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að báðir ofangreindir frambjóðendur yrðu kjörnir í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til varastjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í varastjórn bankans.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Þá fór fram kosning formanns stjórnar.

Fundarstjóri nefndi að tilnefningarnefnd hefði lagt til að Brynjólfur Bjarnason yrði endurkjörinn formaður stjórnar. Fór því næst fram kosning stjórnarformanns úr hópi nýkjörinna aðalmanna í stjórn. Var Brynjólfur Bjarnason endurkjörinn formaður stjórnar bankans.

Loks fór fram kosning varaformanns stjórnar.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd legði til að Paul Horner yrði kjörinn varaformaður stjórnar. Fór því næst fram kosning varaformanns stjórnar úr hópi aðalmanna í stjórn, að formanni undanskildum. Í fyrstu birtust rangar niðurstöður úr kosningakerfinu og var ákveðið að endurtaka kjörið. Niðurstaðan varð þá sú að Paul Horner var kjörinn varaformaður stjórnar bankans.

Fyrirspurnir bárust frá hluthafa varðandi ástæður þess að rangar niðurstöður hefðu birst úr kosningakerfinu varðandi kjör varaformanns stjórnar, auk þess sem starfsmenn fundarins óskuðu skýringa frá Lumi. Skýringar Lumi voru á þá leið að um mannleg mistök hefði verið að ræða, sem hefðu orsakast af því að nöfn þeirra stjórnarmanna sem ekki hefðu verið í kjöri til varaformanns hefðu verið fjarlægð úr kerfinu samhliða kosningunni. Við það hefðu atkvæði Paul Horner ranglega virst tilheyra öðrum stjórnarmanni. Skýringar Lumi gæfu ekki ástæðu til þess að vantroysta kerfinu í öðrum atkvæðagreiðslum.

## 5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Umsjónarendurskoðandi er Páll Grétar*



*Steingrímsson. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá ágúst 2019 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.*

Enginn fulltrúi hluthafa tjáði sig um tillöguna. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt einróma.

## **6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra**

Fundarstjóri greindi frá því að eftirfarandi tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, og varamanna stjórnar hefði verið lögð fram:

*Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 600.000, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 900.000 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 1.200.000. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá greiddar kr. 300.000 fyrir ferðalög vegna hvers stjórnarfundar sem þeir sækja í eigin persónu. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar kr. 200.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 400.000 á mánuði, og formönnum stjórnarnefnda kr. 300.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 600.000 á mánuði. Varamenn skulu fá að lágmarki kr. 300.000 fyrir setu í varastjórn á ári. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 600.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó að hámarki kr. 600.000 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði.*

*Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2021.*

Fundarstjóri rakti að Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefði lagt fram breytingartillögu við framangreinda tillögu stjórnar. Var breytingartillagan svohljóðandi:

*Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá endurgreiddan útlagðan kostnað fyrir ferðalög vegna stjórnarfunda sem þeir sækja í eigin persónu, þó að hámarki kr. 300.000 fyrir hvern fund.*

*Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði.*

*Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2021.*

Þá lýsti fundarstjóri að stjórn bankans hefði lagt fram breytingartillögu um fyrrnefnda breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Breytingartillaga stjórnar lyti eingöngu að greiðslum til stjórnarmanna sem búsettir væru erlendis.

Rakti fundarstjóri í stuttu máli ummæli í greinargerð með breytingartillögu stjórnar, m.a. um að tillagan væri lögð fram fyrir hönd tilnefningarnefndar bankans og að höfðu samráði við Lífeyrissjóð verzlunarmanna.

Tók fundarstjóri fram að í ljósi aðstæðna og aðdragandans að breytingartillögu stjórnar við breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, eins og honum væri lýst í greinargerð með breytingartillögu stjórnar, legði fundarstjóri til að fyrst yrðu greidd atkvæði um breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með þeim breytingum sem lagðar hefðu verið til af stjórn bankans. Enginn fundarmanna hreyfði andmælum við þessu fyrirkomulagi eða gerði athugasemdir við tillöguna.



Var því eftirfarandi tillaga borin undir atkvæði:

*Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá greiddar kr. 300.000 vegna hvers stjórnarfundar sem þeir sækja í eigin persónu.*

*Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði.*

*Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2021.*

Voru atkvæði greidd um breytingartillöguna, með breytingartillögu stjórnar, og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða. Kom því ekki til atkvæðagreiðslu um upprunalega breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eða frumtillögu stjórnar.

## **7. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar og samsvarandi breyting á samþykktum varðandi skipan tilnefningarnefndar**

Fundarstjóri tók fram að eftirfarandi tillaga hefði legið fyrir fundinum:

*a. Stjórn bankans leggur til að breyttar starfsreglur tilnefningarnefndar bankans verði samþykktar.*

*b. Stjórn leggur einnig til að verði hinar breyttu starfsreglur samþykktar verði eftirfarandi breyting gerð á ákvæði 13.2 í samþykktum bankans:*

Ákvæði liðar viii) í grein 13.2 falli brott, en í stað þess komi eftirfarandi:

„Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.“

Þá rakti fundarstjóri að stjórn hefði afturkallað tillöguna. Kannaði fundarstjóri vilja hluthafa til þess að halda tillögunni til streitu, en enginn lýsti yfir vilja til þess. Taldist tillagan því niður fallin.

## **8. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**

Fundarstjóri lýsti að fyrir fundinum lægi eftirfarandi tillaga stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til, verði tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar ekki samþykkt, að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans verði óbreytt frá fyrra ári.*

Fundarstjóri tók fram að þar sem tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar hefði verið afturkölluð kæmi þessi tillaga stjórnar til afgreiðslu fundarins. Gaf fundarstjóri hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með næsta öllum greiddum atkvæðum.

## **9. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**

Fundarstjóri tók fram að þar sem tillaga stjórnar skv. lið 7 hefði verið afturkölluð kæmi þessi liður til afgreiðslu.

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt þessum lið stæði til að kjósa tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd. Útskýrði fundarstjóri að samkvæmt samþykktum bankans og starfsreglum tilnefningarnefndar skyldi gefa hluthöfum bankans kost á að kjósa tvo af þremur



nefndarmönnum í tilnefningarnefnd. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Júlíus Þorfinnsson
- Vitaliy Ardislamov

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í tilnefningarnefnd.

Júlíus Þorfinnsson og Vitaliy Ardislamov voru því réttilega kjörnir nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

## 10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans:

*Stjórn bankans leggur til að starfskjarastefna bankans verði uppfærð. Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða sem ætlað er að koma inntaki stefnunnar betur til skila.*

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðri starfskjarastefnu hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Gildi-Lífeyrissjóður hafði sent félaginu eftirfarandi athugasemd og óskað eftir því að hún yrði bókuð í fundargerð fundarins:

„Gildi-Lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn tillögunni. Stjórn bankans hefur ekki með fullnægjandi hætti rökstutt þörfina og tilgang þess að nýta heimild til þess að koma á fót árangurstengdu launakerfi, aukningu kaupréttta og áskriftarréttindum. Laun stjórnenda bankans virðast að mati sjóðsins, þegar tillit er tekið til möguleika á árangurstengdum greiðslum, kaupréttum og áskriftarréttindum, hærri en það sem gengur og gerist hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum fyrirtækjum sem starfa á íslenskum markaði. Sjónarmið sjóðsins hvað varðar áskriftarréttindi til starfsmanna var komið á framfæri á framhaldsaðalfundi bankans 2020. Ef félög ákveða að notast við árangurstengt launakerfi að einhverju marki er eðlilegt að gætt sé að heildarsam[h]engi, m.a. að föst laun séu að sama skapi lægri samanborið við félög þar sem slík kerfi eru ekki til staðar. Þá er mikilvægt að slík kerfi hvetji ekki til óeðlilegrar áhættutöku. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins og framkvæmd hennar til endurskoðunar með þessi sjónarmið í huga.“

Þá hafði Lífeyrissjóður verzlunarmanna sent félaginu eftirfarandi athugasemd og óskað eftir því að hún yrði bókuð í fundargerð fundarins:

„Ákvæði í starfskjarastefnu um kaupaukakerfi og kaupréttaráætlun Arion banka hf. er mjög opið að mati LV. Í stefnunni kemur ekki fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða starfsmönnum og stjórnendum laun umfram föst laun. Ekki hefur komið fram nægjanlegur rökstuðningur frá stjórn bankans um það af hverju setja þurfi upp árangurstengt launakerfi þar sem laun stjórnenda bankans sýnast að mati LV vera hærri en hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum félögum hér á landi.

LV telur að tilefni sé til að endurskoða starfskjarastefnu félagsins í þeim tilgangi að gera hana skýrari, gagnsærri og ítarlegri. Með því verður skýrara með hvaða hætti stefnan styður við góðan rekstur og langtímasýn félagsins og hluthöfum verður gert betur kleift að taka upplýsta afstöðu til stefnunnar.

LV hvetur stjórn til að kynna nýja stefnu vel fyrir næsta aðalfund félagsins svo hluthöfum gefist nægjanlegur tími til að ígrunda tillögunnar og eiga uppbyggilegt samtal við félagið.



Í þessu sambandi vísar LV m.a. til hluthafastefnu lífeyrissjóðsins annars vegar og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti hins vegar sem taka gildi 1. júlí 2021."

Engar frekari fyrirspurnir eða athugasemdir bárust og bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

#### 11. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja breytingu á kaupréttaráætlun

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar:

*Stjórn bankans leggur til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til breytinga á áður gerðri kaupréttaráætlun byggðri á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þannig að félaginu verði heimilað að gera kaupréttarsamninga við fastráðna starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum fyrir allt að 1.500.000 kr. á ári, í stað núverandi 600.000 kr. árlegs hámarks kaupverðs.*

Rakti fundarstjóri stuttlega meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni. Gaf fundarstjóri fundarmönnum tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

#### 12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til niðurfellingar á eigin hlutum. Tillaga stjórnar væri svohljóðandi:

*Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 16. mars 2021, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 30.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 30.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.730.000.000 kr. í 1.700.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.*

*Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði 4.1 samþykktu bankans þannig að umrætt ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:*

*„Hlutafé félagsins er kr. 1.700.000.000,00 – einn milljarður sjöhundruð milljónir króna.“*

Þá rakti fundarstjóri að stjórn bankans hefði lagt til breytingu á framangreindri tillögu, þannig að í stað lækkunar um 30.000.000 hluti yrði það lækkað um 70.000.000 hluti. Í greinargerð stjórnar með breytingartillögunni segði að hún væri lögð fram í kjölfar ábendinga hluthafa og byggðist á því að bankinn ætti nú fleiri eigin hluti en þegar upprunaleg tillaga hefði verið lögð fram.

Lagði fundarstjóri til að upprunaleg tillaga, með þessari breytingartillögu stjórnar, yrði borin undir atkvæði í heild sinni. Var því eftirfarandi tillaga borin undir atkvæði:

*Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 16. mars 2021, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 70.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 70.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.730.000.000 kr. í 1.660.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.*

*Breytingartillagan felur í sér breytingartillögu ákvæðis 4.1 í samþykktum bankans, þannig að umrætt tillagan feli í sér að ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:*

*„Hlutafé félagsins er kr. 1.660.000.000,00 – einn milljarður sex hundruð og sextíu milljónir króna.“*

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna og fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.





Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

### 13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:

*Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka nr. 1 við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka sem fellur niður. Tillagan er svohljóðandi:*

*„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 16. mars 2021 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.*

*Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2022 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2022 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“*

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

### 14. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að gerðar yrðu breytingar á gr. 4.8 í samþykktum bankans og að ný grein 4.9 yrði samþykkt. Var tillagan svohljóðandi:

*Stjórn bankans leggur til að aðalfundur bankans samþykki breytingar á núgildandi gr. 4.8 í samþykktum bankans, og að til viðbótar verði ný gr. 4.9 samþykkt. Núverandi gr. 4.9 mun þá til samræmis breytast í gr. 4.10.*

*Ef tillagan fæst samþykkt, verða ákvæði 4.8 og 4.9 svohljóðandi:*

*„Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar þann 20. mars 2019 („ákvörðun hluthafafundar“), voru hinn 26. febrúar 2020 gefin út breytanleg skuldabréf („skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að upphaflegri fjárhæð samtals USD 100,000,000 og skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Skuldabréfin eru varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg og gefin út undir EUR 3.000.000.000 EMTN útgáfuramma félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt skuldabréfunum. Fjárhæð skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar er ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 211.416.490 hlutir. Hámarksfjöldi umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu skuldabréfanna getur aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar*



eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Skuldabréfin eru breytanleg í umbreytingarhluti í samræmi við skilmála skuldabréfanna ef umbreytingaratburður (eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum skuldabréfanna) á sér stað á meðan skuldabréfin eru útstandandi. Umbreytingar-hlutir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar, hafa hluthafar félagsins afsalað sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu umbreytingarhluta.

Aðalfundur haldinn hinn 16. mars 2021 veitir stjórn bankans heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi bankans árið 2025, í eitt eða fleiri skipti, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum („nýju skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Nýju skuldabréfin skulu vera varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg í hluti í félaginu. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt nýju skuldabréfunum. Endanleg fjárhæð nýju skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjöldi þeirra hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („nýju umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 600.000.000 hlutir. Hámarksfjöldi nýrra umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu nýju skuldabréfanna getur þó aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum nýju skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en nýju skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Nýju skuldabréfin skulu vera breytanleg í nýja umbreytingarhluti í samræmi við skilmála nýju skuldabréfanna. Nýju skuldabréfin skulu ekki umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Nýju umbreytingarhlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Hluthafar félagsins afsala sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu nýju umbreytingarhlutanna. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála og skilyrði vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

## 15. Tillaga um breytingu á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir að stjórn bankans legði til að samþykktar yrðu nýjar samþykktir fyrir félagið. Hefðu hinar nýju samþykktir legið fyrir á heimasíðu bankans, ásamt yfirliti yfir þær efnislegu breytingar sem hinar nýju samþykktir fælu í sér.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

## 16. Önnur mál

Fundarstjóri gaf stjórn bankans og fulltrúum hluthafa kost á að bera fram fyrirspurnir eða athugasemdir.

Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust og engin önnur mál voru tekin fyrir.



Gat fundarstjóri þess að bankinn hygðist afla formlegrar skýrslu frá Lumi varðandi kjör varaformanns stjórnar, sbr. dagskrárlíð 4, og yrðu niðurstöður hennar birtar á heimasíðu bankans.

Þá var fundarmönnum boðið að hlýða á upplestur fundargerðar, kysu þeir svo. Enginn hluthafi óskaði eftir upplestri eða gerði athugasemdir við að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð fundarins.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 18:10.

Snorri Sigurðsson, lögfræðingur  
Fundarritari

Guðbjörg Helga Hjartardóttir, lögmaður  
Fundarstjóri